

43

13. júní

Nú óska nærliggjandi héruð að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er bæjarstjórn Akureyrar þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina svo sem henta þykir. Skal aukningin framkvæmd jafnskjótt og fé er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

44

13. júní

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, mjólkurvinnslustöð Mjólkursamlags Kjalarnesþings við Hringbraut í Reykjavík, ásamt lóðarréttindum, öllum mannvirkjum á lóðinni, þar með töldum öllum þeim skúrbyggingum, sem þar eru, svo og með öllum vélum, umbúðum og umbúðabirgðum, áhöldum og hlutum, sem stöðinni tilheyrir og ástæða þykir til að nota við rekstur hennar; enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka stöðina til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, sem metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja. Það sem kann að þurfa að gera við stöðina, til þess að hún sé hæf til rekstrar, er ríkisstjórninni heimilt að láta gera á kostnað eiganda, ef hann gerir það ekki sjálfur, og má draga viðgerðarkostnaðinn frá leigunni eftir stöðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.